

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
28. nóv. 2013
8.12.0
Tilv. _____



Reykjavík, 25. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100103/bs

Mat á umhverfisáhrifum - sjókvíaeldi - í Eyjafirði, Krossanes ehf. - breyting úr þorski í lax. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða breytingu á eldistegund í gildandi starfsleyfi sem tekur til 2000 tonna sjókvíaeldi á þorski í Eyjafirði. Fyrirhugað er að eldistegundinni verði breytt úr þorski í lax. Skipulagsstofnun birti 8. apríl 2003 þá niðurstöðu stofnunarinnar að allt að 2000 tonna eldi á þorski innan og utan við Hauganes í Eyjafirði væri ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Lýsing framkvæmdar Ráðgert er að reka laxeldi í tveimur kvíaþyrpingum utan við Hauganes. Til viðbótar verður ein kvíaþyrping staðsett við Ystu Vík. Þessi ráðstöfun gerir rekstraraðilum auðveldara fyrir að lengja hvíldartíma svæða, aðskilja kynslóðir og minnka þannig smithættu. Áformað er að vera með sjálfbæra, vistvæna „all natural“ framleiðslu þar sem engin lyf eða efni verða notuð. Ger er ráð fyrir að eldið verði kynslóðaskipt og að hvor kvíaþyrping verði færð til um a.m.k. 500 m eftir hverja eldislotu vegna hugsanlegrar uppsöfnunar lífrænna efna. Nætur verða teknar upp og háþrýstipvegnar milli kynslóða og jafnframt verður tryggt að hvert eldissvæði fái að lágmarki lögbundna 90 daga hvíld milli eldislota.

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að allar náttúrulegar aðstæður í Eyjafirði teljist hagstæðar til fiskeldis, s.s. sjávarstraumar, súrefnismettun, hitastig, ástand botns o. s. frv.

Burðarþol Samkvæmt LENKA-viðtakamati, sem er aðferð til að áætla burðarþol mismunandi hafsvæða, virðist burðarþol Eyjafjarðar m.t.t. fiskeldis mjög mikið eða tæp 30000 tonn af fiski á ári. Þar sem gert er ráð fyrir mun betri nýtingu fódurs í þeim rekstri sem hér um ræðir er talið að burðartölur áætlaðar með LENKA útreikningum séu mjög varlega áætlaðar.

Vöktunaráætlun Áætlað er að taka botnsýni á fyrirhuguðum staðsetningum áður en starfsemin hefst til þess að hafa þau til samanburðar við regluleg botnsýni sem tekin verða til að meta umhverfisáhrif og fylgjast með uppsöfnun lífrænna efna undir kvíunum. Ef vöktun gefur til kynna neikvæð áhrif á lífríkið verður strax gripið til aðgerða t.d. með því að draga úr framleiðslu eða færa kvíar.


Viltir laxastofnar Laxeldi Íslandslax er staðsett um 7 km frá ósum Fnjóskár sem talin er mikilvægasta laxveiðiáin við Eyjafjörð. Skv. Landbúnaðarstofnun og dýralækni fisksjúkdóma var á sínum tíma ekki talið að það eldi myndi hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir væru í vistkerfi Eyjafjarðar og nágrennis. Fyrirhugað eldi við Hauganes er um 10 km frá ósum árinna og í greinargerð er vitnað í norska skýrslu (Taranger ofl.) þar sem fram kemur að áhrif strokulaxa sé háð umfangi laxeldis og að rannsóknir hafi leitt í ljós að eldi undir 30.000 tonnum hafi óveruleg áhrif á villta stofna.


Niðurstaða Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 20. mars 2003 um 2000 tonna ársframleiðslu á þorski segir m.a. „Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir aukningu á losun í Eyjafjörð megi áfram reikna með að viðtakinn flokkist sem síður viðkvæmur“. Umhverfisstofnun telur að ofangreind umsögn eigi einnig við um það fiskeldi sem hér er til umfjöllunar hvað mengunarþáttinn varðar. Á undanförunum árum hefur athygli beinst að mögulegri erfðablöndun eldislax og villtra laxastofna. Hætta á sleppingum er talin aukast í hlutfalli við stærð eldisins. Hér er um frekar lítið magn að ræða á fiski sem er slátrað 2-3 árum áður en laxinn leitar upp í ár. Því er hætta á blöndun talin lítil, þótt ákveðin óvissa sé fyrir hendi hvað þennan þátt varðar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrætt laxeldi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin vill benda á að að þörf er á breytingu á starfsleyfi vegna þeirra breytinga í fiskeldi sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur